

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 153/2010 um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands.

1. gr.

Á eftir III. kafla og 9. gr. reglnanna bætist við nýr kafla, IV. kafla, með eftirfarandi heiti: **Takmörkun á inntöku nemenda í námsgreinar á hugvísindasviði.**

Þar undir bætist við ný grein, 9. gr. a., sem ásamt fyrirsögn hljóðar svo:

Takmörkun á inntöku nemenda í námsgreinar íslensku- og menningardeildar.

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í ritlist takmarkast við töluna 25.

Nemendur sem hefja MA-nám í ritlist skulu hafa lokið BA-, B.Ed.- eða BS-prófi með fyrstu einkunn. Umsækjendur sem ekki hafa lokið BA-námi í almennri bókmenntafræði eða íslensku ljúki, auk 120 eininga á meistarastigi, námskeiðunum ÍSL111G Bókmenntafræði, ÍSL205G Íslenski bókmenntasögu og einu bókmennta- eða bókmenntasögunámskeiði á BA-stigi. Þessum viðbótar-námskeiðum skal ljúka á fyrsta og öðru misseri námsins.

Nemendur skulu einnig senda inn frumsamið efni og verða gjaldgengir nemendur valdir inn í námið á grundvelli þess. Nemendur geta sent inn smásögur, kafla úr skáldsögu fyrir börn eða fullorðna, einþáttung, listræna ritgerð; hámark 30–40 síður. Ljóðskáld sendi 10–12 ljóð. Þá skulu umsækjendur einnig skila inn stuttri greinargerð um áhugasvið sitt og markmið með náminu.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn verða nemendur valdir af þriggja manna inntökunefnd sem skipuð er umsjónarmanni námsins og tveimur rithöfundum. Gætt verði að kynjahlutföllum við skipan nefndarinnar. Við valið hafi nefndin að leiðarljósi að umsækjandi:

1. sé hugmyndaríkur og frumlegur í hugsun, texti hans sé ekki samsafn af klisjum,
2. hafi gott vald á íslenski tungu, texti hans flæði vel og góðar tengingar séu eðlilegar milli málsgreina og efnisgreina,
3. hafi tilfinningu fyrir málsniði og stíl,
4. hafi tilfinningu fyrir formi og geti léð því viðeigandi merkingu,
5. geti gengið vel frá texta þannig að hann sé lesvænn, sitji vel á síðu og sé vel prófarkalesinn,
6. hafi ástríðu fyrir ritlistinni,
7. sé vel lesinn í íslenskum og erlendum bókmenntum.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fengnum tillögum hugvísindasviðs, eru settar samkvæmt heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi og verður beitt frá og með háskólaárinu 2019–2020.

Háskóla Íslands, 8. apríl 2019.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.